

Reglur um heimaþjónustu á Snæfellsnesi

1. grein

Heimaþjónusta er fyrir þá sem búa í heimahúsum og geta ekki hjálparlaust annast eigið heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, barnsburðar eða fötlunar.

2. grein

Markmið heimaþjónustu er að efla þjónustunotanda til sjálfshjálpar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsum.

3. grein

Hlutverk heimaþjónustu er einkum að veita:

- aðstoð við þrif og heimilishald
- félagslegan stuðning, s.s. innlit og stutta viðveru
- aðstoð við persónulega umhirðu sem ekki er í verkahring heimahjúkrunar
- aðstoð á matartíma
- aðstoð við umönnun barna

4. grein

Félagsmálanefnd fer með með stjórn heimaþjónustu á starfssvæði sínu. Starfsfólk Félags- og skólaþjónustu annast daglegan rekstur í samvinnu við starfsfólk viðkomandi bæjarskrifstofu.

5. grein

Heimaþjónusta skiptist sem hér segir:

- heimaþjónusta fyrir ellilífeyrisþegar skv. IV. og V. kafla um málefni aldraðra
- heimaþjónusta fyrir þjónustuþega 66 ára og yngri skv. VI. kafla laga um málefni fatlaðra og VII kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga
- heimaþjónusta við sérstakar aðstæður, s.s. þegar um er að ræða veikindi eða barnaverndarmál.

6. grein

Starfssvið heimaþjónustu skiptist sem hér segir:

- heimaþjónusta 1 sem felst í þrifum á húsnæði
- heimaþjónusta 2 sem felst í þrifum á húsnæði en einnig innkaupaferðum og félagslegum stuðningi að einhverju leyti

Í þeim tilfellum sem umsækjandi deilir heimili með fullorðnum einstaklingi, sem ekki á við veikindi eða fötlun að stríða og er undir 67 ára aldri, er að öllu jöfnu ekki veitt heimaþjónusta 1.

7. grein

Réttur til þjónustu er bundinn þeim skilyrðum að fyrir liggi staðfest mat á þörf fyrir heimaþjónustu. Starfsmenn Félags- og skólaþjónustu meta þjónustuþörf og hafa, þegar

við á, samráð við heilsugæslu, heimahjúkrun eða svæðisskifstofu fatlaðra. Læknisvottorð skal liggja fyrir þyki ástæða til. Leitast skal við að veita þá aðstoð sem þjónustunotandi eða aðrir heimilismenn eru ekki færir um að annast sjálfir. Aðstoð heimaþjónustu tekur við þar sem getu heimilismanna sleppir.

8. grein

Miðað er við að þjónustunotandi fái þjónustu í hverri viku, að hámarki fjóra tíma í viku. Þjónustan skal að jafnaði veitt á dagvinnutíma, frá mánudegi til föstudags. Þjónusta utan þess tíma skal eingöngu veitt í undantekningartilfellum og að undangengnu þjónustumati.

9. grein

Starfsfólk Félags- og skólaþjónustu setur, í umboði félagsmálanefndar, reglur og leiðbeiningar fyrir starfsfólk heimaþjónustu þar sem m.a. eru tiltekin nánar verkefni starfsmanna, skyldur þeirra og réttindi. Kynna skal þessar reglur fyrir starfsfólki og notendum. Stefnt skal að því að sem flestir starfsmenn hafi lokið sérstökum námskeiðum fyrir starfsfólk heimaþjónustu.

10. grein

Starfsmenn heimaþjónustu taka laun sín frá sveitarfélagi þjónustunotanda og ber að skila vinnuskýrslu á viðkomandi bæjarskrifstofu á Félags- og skólaþjónustu.

11. grein

Starfsmenn heimaþjónustu er óheimilt að þiggja af þjónustuþega greiðslur eða gjafir sem túlka má sem þóknun fyrir þjónustu.

12. grein

Starfsmenn heimaþjónustu eru bundnir þagnarskyldu um einkamál þjónustunotenda, heimilishald og annað það sem þeir verða vísir að í starfi sínu. Þagnarskylda helst eftir að starfsmaður lætur af störfum.

13. grein

Fyrir heimaþjónustu skal greitt skv. gjaldskrá sem félagsmálanefnd Snæfellinga setur. Félagsmálanefnd og starfsmenn í umboði hennar geta veitt afslátt af greiðslum eða undanþágur frá þeim ef sérstakar ástæður gefa tilefni til.

14. grein

Sækja skal um heimaþjónustu á Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga eða á bæjarskrifstofum viðkomandi sveitarfélags.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi félagsmálanefndar Snæfellinga, 9. febrúar 2006, í bæjarstjórn Stykkishólms 16. mars 2006, í bæjarstjórn Grundarfjarðar 9. mars 2006.